

# Miðstöð foreldra og barna að fimm ára aldri

*Reykjavík júní 2008*

Anna María Jónsdóttir

Helga Hinriksdóttir

Stefanía B. Arnardóttir

Sæunn Kjartansdóttir



**Meðferða- og fræðslusetur fyrir  
fjölskyldur með geðheilsu- og  
tengslavanda**

### 3. stig

Alvarlegir sjúkdómar lífshætta

#### Landspítali Barnadeild / Vökudeild

Ef barn er í langan tíma á vökudeild eða er með alvarlegan sjúkdóm eða fötlun er aukin hætta á tengslaröskun.

#### LSH / Kvennadeild

Áhættu meðganga:  
T.d. truflun á vaxtarkúrfu fósturs, sjúkdómar móður, fíkniefnaneysla eða streita vegna aðstæðna í nánasta umhverfi, eru þekktir áhættuþættir fyrir þroska-truflun barns og tengslaröskun.

#### Reykjalundur Geðsvið

Mellow Parenting:  
Sérhæft úrræði fyrir mæður og börn með alvarlegan tengslavanda, jafnvel undir umsjá barnaverndarnefndar.

#### LSH / Geðdeild

Alvarlegir sjúkdómar á meðgöngu og eftir fæðingu, t.d. þunglyndi eða geðrof eru áhættuþættir fyrir tengslaröskun.

### 2. stig

Væg til alvarleg geðtruflun

#### BUGL

Sinnir börnum frá 4 ára aldri. Langir biðlistar. Snemminngrip vegna hegðunarvanda barna með sérhæfðum úrræðum gætu gregið úr þörf fyrir þjónustu og stytt biðlista BUGL. Sparnaður vegna minna álags á BUGL.

#### Miðstöð foreldra og barna

**Forvörn og meðferð:**  
Sérhæft mat og meðferð vegna tengslavanda foreldra og barna. Sérhæfð meðferð fyrir fjölskyldur með börn að 5 ára aldri.

#### Sjálfstætt starfandi fagfólk

Vantar úrræði fyrir fjölskyldur með flókinn vanda þar sem foreldrar geta ekki höndlað foreldrahlutverkið vegna veikinda eða þroskaleysis.

### 1. stig

Væg einkenni Greining

#### Heilsugæslan

Heilsugæslufólk  
Læknar  
Hjúkrunarfræðingar

#### Miðstöð heilsuverndar

Barna/læknar og hjúkrunarfræðingar

#### Miðstöð mæðraverndar

Læknar, ljósmæður og hjúkrunarfræðingar

Miðstöðin tekur á móti skjólstæðingum frá þeim stofnunum sem á ritinu eru til greiningar og meðferðar en með því er hægt að koma í veg fyrir dýrari meðferðarúrræði eins og sjúkrahúsinnlagnir. Starfsemi miðstöðvarinnar er einnig mikilvæg forvörn gegn ýmsum erfiðleikum sem börn foreldra með tengslaröskun verða fyrir ef ekkert er að gert.

# Þjónusta MFB

**Markmið: Efling foreldrafærni, heilsuefling og heilbrigð samskipti í upphafi lífs**

**Greiningarviðtöl – (göngudeild og heimavitjanir)**

**Ráðgjöf og stuðningur (opið hús - göngudeild - heimavitjanir)**

**Meðferð:**

**Lyf –**

**Viðtalsmeðferð – Hugræn atferlismeðferð**

**Analytisk/dynamisk-meðferð**

**Einstaklingsmeðferð**

**Fjölskyldumeðferð (PIP-Solihull-Calgary)**

**Hópmeðferð – mæður/feður (Solihull)**

**mæður + börn (PIP-MellowP)**

**Handleiðsla fagfólks**

**Fræðsla: Foreldra**

**Fagfólk**

**Stofnanir og almenning**

## Samstarfsaðilar:

Gengið hefur verið frá samstarfi við **Háskóla Íslands** um að þróa mælitæki og meta árangur af meðferðinni.

Einnig er formlegt samstarf við **Anna Freud Centre** (Parent -Infant Psychotherapy-PIP) í London og **Mellow Parenting** í Skotlandi um handleiðslu og þjálfun starfsfólks

# Markhópur

Markhópur 1: Mæður/foreldrar á meðgöngu og eftir fæðingu með 0-1 árs sem eru að glíma við **geðrænan- og/eða tengslavanda** við börn sín.

Markhópur 2: Stefnt er að því að auka þjónustuna með því að taka einnig við tilvísunum fyrir foreldra með börn frá 1 til 5 ára aldurs.

# Vísbendingar um alvarlega tengslaerfiðleika

Grátgjörn, tíð skapofsaköst, hár þröskuldur gagnvart vanlíðan, á erfitt með að hafa ofan af fyrir sér á jákvæðan hátt, forðast snertingu, tekur ekki við nánd eða huggun, þolir illa allan aðskilnað við foreldra eða virðist geta “tengst” hverjum sem er- o.fl.o.fl.

# Fleiri vísbendingar....

Stjórnast með aðra, sýnir snemma merki um hegðunarröskun eða erfiðleika við að tempra tilfinningar

“Krefst” umhyggju en þarf að hafa sjálft stjórnina

Barnið er árásargjarnt, kvíðið, dapurt, spennt,

# Bakgrunnur

Síðustu tvo áratuginna hafa vaxandi fjöldi rannsókna á heilaproska ungbarna sýnt að “umhverfi” barnanna á meðgöngu og fyrstu 3 æviárunum skiptir sköpum í því hvernig heili barnanna þroskast og það hefur áhrif á geðheilsu og félagslega aðlögun einstaklingsins um alla framtíð.



# Bakgrunnur:

Konur kljást við streitu, kvíða og þunglyndi á meðgöngu og eftir fæðingu. 10-15% fá greiningu samkvæmt greiningu DSM-IV en allt að 35-50% hafa einkenni án greiningar.

Aukin áhætta (40%) á geðrænum sjúkdómum hjá börnum mæðra með geðsjúkdóma

Allt að fjórfaldar líkur eru á því að börn þunglyndrar móður verði þunglynd síðar á ævinni.

# “Relational trauma”

Þegar samband og samskipti barnsins við umönnunaraðila verður til þess að skaða barnið..... myndar barnið **óörugg tengsl og/eða óæskilega varnarhætti**

Skaðinn verður til í daglegum samskiptum s.s. mötun og bleijuskiptum ..o.s.frv.

Þó þunglyndi mæðranna sé meðhöndlað batna samskiptin ekki sjálfkrafa

“sambandið” þarf sérstaka meðhöndlun

# Fyrir hverja er þjónustan?

Tekið er við tilvísunum frá fagfólki í heilbrigðiskerfinu, félagsþjónustu, barnaverndar-nefndum og sjálfstætt starfandi sérfræðingum.

Skjólstæðingar geta leitað án tilvísunar.

Markmiðið er að veita mjög sérhæft inngrip og einstaklingar yrðu síðan útskrifaðir eða vísað til tilvísunaraðila eða annarra viðeigandi aðila til langtíma eftirfylgdar.

Áhersla er lögð á samvinnu við aðrar stofnanir

# Áhersla lögð á bætt tengslamyndun foreldra og barna

Með því að efla tengslamyndun á fyrstu stigum er stutt við áframhaldandi þroska og velferð barns og fjölskyldu.

Styrkleikar fjölskyldunnar sjálfrar eru efdir m.a. með því að báðum verðandi foreldrum er boðið að taka þátt í meðferðinni.

Foreldrar eru styrktir í foreldrahlutverki og samskiptahæfni (valdefling).

# Efling tenglsamyndunar

**Mellow Parenting hópmeðferð** (15 ára reynsla frá Skotlandi)

-fyrir mæður með börn á aldrinum 1-5 ára

**Parent infant psychotherapy** (10 ára reynsla frá Anna Freud Centre í London.

-fyrir mæður/foreldra með börn á fyrsta ári

# Mellow parenting; Foreldraefling

1. Mæður setja sér **markmið**:  
varðandi **sig sjálfar**  
varðandi **börn sín**
2. Hugmyndafræðin byggist á **Empowerment**  
(valdeflingu)
3. Konum er **boðin** þáttaka

# Mellow Parenting

Ekki verið að halda á lofti ákveðinni uppeldisaðferð sem þeirri einu réttu Lögð áhersla á að uppeldi er byggt á einstöku (unique) sambandi milli foreldra og barns

Lögð áhersla á að bæta þetta samband Hæfileiki mæðranna til að setja sig í spor barna sinna er “blokkeraður” vegna sársauka og vanlíðunar móðurinnar

# Hugtök í foreldravinnunni

Sjálfstæði (Autonomy )

Sjá hlutina fyrir (Anticipation)

Samvinna (Cooperation)

Tilfinningalegt utanumhald (Emotional containment)

Taka á vanlíðan (Containment of distress)

Hlýja og örvun (Warmth and stimulation)

**Miscellaneous** (bad timing, inconsistent behaviour, developmentally inappropriate demands and emotional inconsistency)



# Mellow parenting

Ávallt er leitast við að draga fram tengsl á milli reynslu mæðranna í fortíð og nútíð og tilfinningum þeirra og hegðun gagnvart börnum þeirra í núinu.

Þess er gætt að þær upplifi stuðning og virðingu sem einstaklingar

Með því að hvetja móðurina til að hugsa meira um sig fer hún í vaxandi mæli að hugsa meira um barnið

# Árangursmat

Kerfisbundið árangursmat með stöðluðum aðferðum

Árangur af þjónustunni verður metinn á vísindalegan hátt með viðurkenndum mælitækjum, s.s. sjálfmatskvörðum fyrir foreldra og geðskoðun, þroskamati á börnum og kerfisbundnu mati á gæðum tengslamyndunar og hæfni foreldra með þar til gerðum mælitækjum og myndbandsupptökum af samskiptum foreldra og barna

# Mellow parenting; árangur....

**Video:** marktæk aukning á jákv tilf  
marktæk minnkun á neikv.tilf  
meira samspil móður og barns  
aukið vitund um sjálfstæði barns

**Sjálfsmatskvarðar** sýndu jákvæða breytingu bæði  
há móður og barni og í followup voru enn frekari  
jákvæðar breytingar

10 börn af 12 voru **tekin af skrá** hjá barnavernd  
vs 37%

# Hvar er verkefnið stadd?

Verkefnið hefur verið kynnt víða, m.a. í heilbrigðisráðuneytinu.

Viðbrögð álitsgjafa í heilbrigðiskerfinu voru mjög jákvæð.

Í heilbrigðisráðuneytinu liggur nú fyrir skýrsla um verkefnið sem hefur verið lögð fyrir heilbrigðisráðherra. Þar er lagt til að gert verði ráð fyrir þessari þjónustu á fjárlögum ársins 2010.

# Hvað gerist til 2010?

Áframhaldandi sérhæfð þjálfun starfsfólks.

**Nóv 2008:** byrjað verði að bjóða einstökum fjölskyldum meðferð skv. “**parent infant psychotherapy**”(PIP) fyrirmynd frá Anna Freud Centre í London

**Mars 2009:** Stefnt er að því að innleiða hópa fyrir foreldra og börn **Mellow Parenting** frá Skotlandi(í safnaðarheimili)

# Samvinna við félagsþj.og barnav.

Tekið er við fjölskyldum í meðferð frá félagsþjónustunni og barnaverndar-nefndum í Reykjavík og nágretta-byggðalögum.

**Mellow Parenting** er 1 dagur í viku í 14 vikur ásamt greiningar- og matsviðtölum í nokkur skipti fyrir og eftir hópmeðferðina

**PIP** er 1klst x1 í viku í nokkra mánuði (meðal-leng meðferðar er 9 mánuðir)

# Heimildaskrá

***Why love matters***; how affection shapes a baby's brain: Sue Gerhardt

***The practice of psychoanalytic parent-infant psychotherapy***; claiming the baby: Tessa Baradon et.al.

[www.annafreudcentre.org](http://www.annafreudcentre.org)

[www.oxpip.org.uk](http://www.oxpip.org.uk)

[www.mellowparenting.org](http://www.mellowparenting.org)

# Greinar

***Ghosts in the Nursery:*** Selma Fraiberg

***Prevention; the appropriate Target of Infant Psychotherapy :*** Peter Fonagy

***Mind the Gap! helping mothers with postnatal depression :*** C. Puckering

***Process and Evaluation of a Group Intervention for Mothers with Parenting Difficulties :***  
C.Puckering et.al

***Taking control: A Single Case Study of Mellow Parenting:*** C. Puckering et.al